

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 15. september 2020  
UST202003-197/G.S.Á.  
08.06.02

### Lokunareftirlit 2020 - Olíudreifing - Sauðárkrókur - 8.9.2020

Þann 8. september sl. fór fram lokunareftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar, Sauðárkróki. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktari lokunaráætlun og mun fylgjast með og sjá um hauginn þar til hann verður búinn að brjóta sig. Eftirlitsaðili mun taka út hauginn að niðurbroti loknu.

Virðingarfyllst,

*G. Stella Árnadóttir*  
Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

*Gottskálk Friðgeirsson*  
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Sauðárkróki



<b>Dags eftirlits</b>	8.9.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Lokunareftirlit
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gunnar Kr. Sigmundsson	<b>Staðsetning</b>	470207,042 584571,151

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í vettvangseftirlit vegna lokunar olíubirgðastöðvar Olíudreifingar á Sauðárkrók. Starfsleyfið gildi til 31. janúar 2018 en engin starfsemi hefur verið í stöðinni síðan þá.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Þrjár olíuþrær eru í stöðinni og voru geymar alls 5 talsins. Skv. starfsleyfi var heimilt að geyma 566 m<sup>3</sup> af olíu samtals í geymum í þró I, 908 m<sup>3</sup> af olíu í geymum í þró II og 925 m<sup>3</sup> af olíu í geymum í þró III. Einnig var heimilt að taka á móti úrgangsolíu. MD olía, flotaolía og lituð gasolía voru í stöðinni og einnig bensín til ársins 2002.

Lokunaráætlun fyrir stöðina var samþykkt af eftirlitsaðila þann 8. júní sl. og fór hreinsun birgðastöðvarinnar fram í apríl 2020. Búið er að fjarlægja alla geyma úr stöðinni, dæluhús og annan búnað. Girðing var rofin er geymar voru fjarlægðir af lóðinni en verður lagfærð á næstu dögum.

Í eftirlitinu var grafið ofan í jarðveginn á þeim stöðum sem talið var að olíumengaður jarðvegur gæti verið til staðar, á alls um 15 stöðum. Grafið var á miðjum púða undir geymum og sitt hvoru megin við undantöppunarbúnað geymanna. Olíumengaður jarðvegur fannst við undantöppunarbúnað geyma 1, 2 og 3, við dæluhús og í efsta lagi sands undir öllum geymum.

Mengaður jarðvegur verður fjarlægður og haugsettur í norðvestur enda lóðarinnar og látinn brjóta sig þar. Virk olíuskilja er til staðar við fyrirhugað haugsvæði og niðurföll sitt hvoru megin við hauginn. Þ. Hansen verktaki hefur verið fenginn til verksins og mun frágangur hefjast í viku 39. Múrveggur við þró II verður felldur og brotið fært til móttökustöðvar. Svæðið verður jafnað og gengið frá því á snýrtilegan hátt.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri lokunaráætlun og mun fylgjast með og sjá um hauginn þar til hann verður búinn að brjóta sig og að því loknu verður lóðinni skilað inn. Eftirlitsaðili mun taka út hauginn að niðurbroti loknu.

## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

## ANNAÐ

Fulltrúar sveitafélagsins komu á staðinn og skv. þeim eru engar áætlanir komnar fram um nýtingu lóðarinnar enn sem komið er, en verið er að skoða þá möguleika. Lóðin er á snjóflóðahættusvæði.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.09.2020

Guðbjörg Stella Árnadóttir